



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

BOÐSBRÉF

OPINN FYRIRLESTUR UM LESTARNÁM OG LÆSI

„We were never born to read: The Story and Science of the Reading Brain“

Í Norðurljósasal Hörpu 27. ágúst 2014 kl. 13–17

Bandarískur sérfræðingur um taugafræðilegar forsendur lesturs, dr. Maryanne Wolf, prófessor við Tufts University í Boston og forstöðumaður lestrar- og tungumálarannsóknarstöðvar innan sama háskóla, flytur opinn fyrirlestur í Norðurljósasal Hörpu 27. ágúst 2014 kl. 13–17.

Fyrirlesturinn er á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Samband íslenskra sveitarfélaga. Aðgangur er ókeypis.

Í upphafi dagskrárinnar gerir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, grein fyrir áherslum ráðuneytisins á lestrarnám og læsi sem fram koma í [Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytis um umbætur í menntun](#).

Dr. Wolf mun skipta fyrirlestri sínum, „We were never born to read: The Story and Science of the Reading Brain“, í tvo hluta og gefst fundargestum tækifæri til umræðna og spurninga bæði fyrir og eftir kaffihlé. Í kaffihléi verður hægt að kynna sér efni sem háskólarnir hafa tekið saman um lestrarmál og einnig námsefni í lestri frá Námsgagnastofnun.

Fyrirlestur dr. Wolf verður tekinn upp og gerður aðgengilegur á vef ráðuneytisins. Þar verður einnig hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá fyrirlestrinum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur alla sem áhuga hafa á lestrarnámi og læsi til þátttöku. Foreldrar skólubarna eru sérstaklega hvattir til að koma.

- Frekari upplýsingar og skráning á [vef mennta- og menningarmálaráðuneytis](#).



DAGSKRÁ

- Kl. 12.45 Skráning
- Kl. 13.00 Dagskrárkynning og tónlistartriði
- Kl. 13.15 Illugi Gunnarsson: Áherslur ráðuneytisins á lestrarnám og læsi sem fram koma í [Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins um umbætur í menntun](#)
- Kl. 13.40 Dr. Maryanne Wolf: „We were never born to read: The Story and Science of the Reading Brain“ – fyrri hluti
- Kl. 14.40 Spurningar og umræður
- Kl. 15.00 Kaffihlé. Kynningarefni á rannsóknum á lestri og námsefni
- Kl. 15.30 Dr. Maryanne Wolf: „We were never born to read: The Story and Science of the Reading Brain“ – síðari hluti
- Kl. 16.30 Spurningar og umræður
- Kl. 17.00 Dagskrárlök
- Ráðstefnustjóri er dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir.
 - Sönghópurinn **ELFUR** sér um tónlistartriði í upphafi dagskrár.

UM FYRIRLESARANN

Dr. Maryanne Wolf hefur stundað viðamiklar taugalíffræðilegar rannsóknir á lestrarferli og lestrarerfiðleikum barna. Hún hefur skrifað yfir 120 vísindagreinar og hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir rannsóknir sínar og störf. Bók hennar, *Proust and the Squid: The Story and Science of the Reading Brain*, kom út árið 2007 og var valin besta bók ársins um lestur af alþjóðlegum samtökum um lesblindu.

Rannsóknir og störf dr. Wolf spanna vítt svið. Árið 2011 hlaut hún verðlaun fyrir brautryðjandastarf í lestrarkennslu en hún hefur í samvinnu við teymi frá *MIT háskóla* í Boston og fleiri þróað stafrænt lestrarefni fyrir börn sem hafa engan aðgang að skóla á fjarlægum svæðum í Eþíópíu og Suður-Afríku.

Upplýsingar um dr. Maryanne Wolf er m.a. að finna á [vef Tufts University í Boston](#).



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Háskólinn
á Akureyri



HÁSKÓLI ÍSLANDS